



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 29. mars 2007

Ákvörðun nr. 12/2007

Kaup Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.

1.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Ísfélags Vestmannaeyja hf. á öllum hlutum Þórskaupa ehf., Fræs ehf., og FSP hf. í Þórshöfn fjárfestingu ehf. sem á rúmlega 99% hlut í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna¹. Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 2. febrúar 2007, auk ýmissa annarra gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Ísfélagsins á Hraðfrystistöð Þórshafnar feli í sér samruna í skilningi 4. gr. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaefitirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Ísfélag Vestmannaeyja er sjávarútvegsfyrirtæki með höfuðstöðvar í Vestmannaeyjum. Fyrirtækið rekur fiskimjöls-og lýsisbræðslu í Eyjafirði, sem fyrirhugað er að loka, frystihús og aðra bræðslu í Vestmannaeyjum, auk þess að gera út tvö frystiskip, einn ísfisktogbát og fjögur nótaskip.

Hraðfrystistöð Þórshafnar rekur loðnuverksmiðju og fiskvinnslu á Þórshöfn þar sem unninn er uppsjávarfiskur. Einnig gerir félagið út tvö fiskiskip.

3.

Í samrunaskránni kemur fram að aðalmarkmið með samrunanum sé að skapa öflugt félag í veiðum og vinnslu á svokölluðum uppsjávarfiski, en bæði Ísfélagið og Hraðfrystistöðin veiði og vinni uppsjávarfisk. Með kaupnum skapist tækifæri til hagræðingar og eflingar á starfsemi félaganna, bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Að mati samrunaaðila tekur samruninn fyrst og fremst til veiða og vinnslu á uppsjávarfiski. Til hans teljist m.a. loðna, kolmuni og síld. Samrunin tekur einnig að nokkru leyti til veiða og vinnslu á bolfiski.

Samrunaaðilar telja vörumarkaðinn í málinu annars vegar vera markað fyrir veiði og vinnslu á uppsjávarfiski og hins vegar markað fyrir veiði og vinnslu á bolfiski. Að mati samrunaaðila getur þó komið til álitu að skipta markaðnum niður í samkeppnislega undirmarkaði, svo sem eftir einstökum fiskitegundum og eftir því hvort um veiðar eða vinnslu sé að ræða. Rétt sé þó að taka fram að veiðar og vinnsla fisktegunda sé yfirleitt í höndum sömu aðila. Landfræðilegi markaðurinn er að mati samrunaaðila Ísland.

Stærstu aðilarnir á markaðnum fyrir veiði og vinnslu uppsjávarfisks eru HB Grandi hf., Samherji hf., Síldarvinnslan hf., Eskja hf., Vinnslustöðin hf. og Skinney Þinganes ehf. Stærstu aðilarnir á markaðnum fyrir veiði og vinnslu bolfisks eru Brim hf., HB Grandi hf., Þorbjörn hf., Vinnslustöðin hf. og Samherji hf.

Velta Ísfélagsins á síðasta reikningsári nam [...]². Velta Hraðfrystistöðvarinnar á síðasta reikningsári var [...]³. Hvorugt fyrirtækjanna er með veltu erlendis.

Hvorki Ísfélagið eða Hraðfrystistöðin, né eigendur þeirra, hafa yfirráð yfir öðrum félögum sem starfa á viðeigandi mörkuðum eða eru aðilar að samstarfsverkefni/samstarfi við fyrirtæki á umræddum mörkuðum.

Samrunaaðilar telja að samruninn geti, með hliðsjón af samanlagðri aflahlutdeild fiskiskipa í eigu beggja útgerða, haft í för með sér að félögin veiði og vinni um 20% af loðnu- og norsk/íslenska síldarkvótans. Að öðru leyti leiði samruninn ekki til 15% markaðshlutdeildar eða meira.

Samrunaaðilar vilja jafnaframt vekja athygli á að í 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sé sérstaklega tiltekið að aflahlutdeild fiskiskipa í helstu fisktegundum í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, sæti lögbundnu hámarki sem sé á bilinu 12-35% eftir einstökum fisktegundum. Í 2. mgr. sömu greinar komi jafnframt fram að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipta í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, megi ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæti ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögnum. Fari aflahlutdeild yfir þau mörk sem tilgreind séu í 13. gr. laganna beri að tilkynna Fiskistofu, sem hafi eftirlit með framkvæmd laganna, um slíkt. Ber aðila þá að koma aflahlutdeildinni niður fyrir heimiluð mörk, sbr. nánar 14. gr. laganna. Af framangreindu leiði, að mati samrunaaðila, að markaðsráðandi staða í skilningi samkeppnislaga geti ekki skapast þegar komi að veiði (og vinnslu) á helstu fisktegundum á Íslandsmiðum.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Í samrunaskránni kemur einnig fram að umtalsverður fjöldi aðila starfi á þeim mörkuðum sem félögin starfi á. Enginn þeirra hafi markaðsráðandi stöðu. Aðgangur að markaðnum, þá sérstaklega fyrir veiði á uppsjávarfiski og botnfiski, sé háður því að viðkomandi fái úthlutað veiðileyfi auk þess að hafa aflahlutdeild/aflamark, sbr. nánar lög nr. 116/2006, þ.m.t. að aflahlutdeild einstakra aðila á markaði fari ekki yfir lögbundin hámark. Samkeppni á mörkuðunum sé hörð.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða myndist eða slík staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, 2. febrúar 2007, eignaðist Ísfélag Vestmannaeyja hf. allt hlutafé í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson